

Umsögn um frumvarp til laga um nýja stofnun.

Í 5. gr. 7. málslíð er fjallað um ytra mat sem hefur verið framkvæmt af Menntamálastofnun fyrir leik- og grunnskóla utan Reykjavíkur. Í greinargerð kemur fram að þetta verkefni verði flutt til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Við viljum koma því á framfæri að markmið og hlutverk ytra mats í dag eru eftirfarandi samkvæmt stefnu ráðuneytis og sveitarfélaga. Ytra mat felur í sér eftirlit með og stuðning við skólastarf.

Meginstef ytra mats í dag er að það sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skólastarfi. Leiðarljósið er ávallt nemandinn, réttur hans og þarfir.

Markmið

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda.
- Tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leik, grunn- og framhaldsskóla.
- Auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna/nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þau/þeir eiga rétt á samkvæmt lögum • Leggja sérstaka áherslu á að efla og styðja innra mat og gæðastjórnun skóla,
- Styðja skóla, stjórnendur og kennara í umbótum á eigin starfi,
- Hvetja kennara til að vinna saman að því að bæta eigin starfshætti
- Vera skólum hvati til frekari skólaþróunar.

Ytra mat allra skólastiga hefur verið framkvæmt og þróað hjá Menntamálastofnun samkvæmt ofangreindum markmiðum og tilgangi. Allir verkferlar, gæðaviðmið, framkvæmd og eftirfylgni byggjast á því að þróa og vinna með umbótamiðað mat þar sem jafnframt fer fram ráðgjöf og stuðningur. Sambærilegt við það sem gert er í Svíþjóð.

Við teljum mikilvægt að ytra mat allra skólastiga verði áfram umbótamiðað mat en ekki einungis í formi eftirlits með skólastarfi. Því verði áfram unnið samkvæmt ofangreindum markmiðum og tilgangi.

Við teljum að ytra mat hafi mikil samlegðaráhrif og styðji við önnur þau verkefni sem unnið er að innan Menntamálastofnunnar svo sem aðalnámskrárvinnu, matsferli, námsgagnagerð, gæðum kennslu og starfsþróunar. Matsaðilar á vettvangi safna upplýsingum um þessa þætti og miðla þeim til stofnunarinnar sem og skólanna sem metnir eru. Með núverandi vinnulagi skapast gagnvirt upplýsingastreymi sem styttr boðleiðir, eflir þekkingu, auðveldar inngrip, gerir skólastarf faglegra og eflir skólaþróun.

Við teljum mikilvægt að stofnuð verði deild innan nýrrar þjónustustofnunar sem hafi það hlutverk að veita upplýsingar út frá ytra mati til að efla og styðja við nýja skólaþjónustu þar sem bæði matsaðilar og ráðgjafar vinna saman að umbótamiðaðu mati, markvissri eftirfylgni, þróun og ofangreindu. Huga þarf að því hvað kemur fram í aðalnámskrám grunnskóla/leikskóla/framhaldsskóla um ytra mat á skólastarfi og hvort aðalnámskrár skólastiganna eru í samræmi við þær breytingar sem fyrirhugaðar er að gera. Þá er ljóst er að lög og reglugerðir skortir til að geta farið í mat á skólum sem hafa ágalla í sínum störfum og/eða fara ekki að tilmælum.

Í dag er það hlutverk ráðuneytis að leggja fram skipulag matsins til þriggja ára í senn sem ekki hefur verið framkvæmt nema fyrir framhaldsskólann. Mikilvægt er að huga að samstarfi við sveitarfélögin hvað varðar breytingar á tilhögun og skipulagi ytra mats. Má þarf nefna að kostnaður grunnskóla við matið hefur til helminga verið greiddur af hálfu Jöfnunarsjóðs til þessa. Því samstarfi er nú lokið. Ráðuneytið hefur alfarið greitt kostnað vegna ytra mats á leik-og framhaldsskólum.

Ef að ytra mat verður ekki umbótamiðað er hættu á að skólasamfélagið líti ekki lengur jákvætt á ytra mat. Matsaðilar og starfsfólks ytra mats verður að fara áfram á vettvang svo ekki myndist rof á milli vettvangs og stofnunar. Sé eftirlit og stuðningur aðskilið í ytra mati við skólastarf mun myndast gjá milli ytra mats og nýrrar stofnunar.

Ytra mat mun þá ekki lengur verða leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og mun ekki skila með markvissum hætti auknum gæðum í skólastarfi. Hætta er á að ytra matið leggist af, sé það tímabundið flutt til ráðuneytis og síðar í gæðastofnun.

Í þessu sambandi viljum við vekja athygli á því að ytra mat, ráðgjöf, stuðningur eru innan sömu stofnunar í Svíþjóð, Skolinspektionen sem vinnur með svipuðum hætti og við höfum unnið fyrir utan að þeir hafa valdheimildir til aðgerða. Hlutverk Skolinspektionen er meðal annars að;

- stuðla að auknum gæðum og jöfnuði náms- og kennslu fyrir nemendur, ásamt markmiðasetningu o meta gæði náms-og kennslu auk þessa að hafa eftirlit með rekstri og starfsemi skólastofnanna
- kynna niðurstöður mats - samantektir úr mati kynntar hagsmunaaðilum o meðhöndla tafarlaust ef fram koma merki um misferli/brot gagnvart nemendum, námshópum eða skólanum
- sinna barna- og/eða nemendavernd o sinna hlutverki umboðsmanns barna og nemenda
- tryggja að allir nemendur fái þá þjónustu og fræðslu sem þeir eiga rétt á og krefjast aðgerða ef ábóta er vant
- sjá til þess að sveitarfélög uppfylli kröfur í starfi sínu við leyfisveitingar og eftirlit sé með einkareknu skólastarfi, frístund og einstökum leikskólabekkjum.
- fylgja eftir námsárangri í fullorðinsfræðslu.

Að öðru leyti viljum við taka undir umsögn Önnu Kristínar Sigurðardóttur þar sem hún fjallar um ytra mat í lið fjögur í umsögn sinni um frumvarp til laga um stofnun x.

“Undirrituð telur æskilegt að halda þessum verkefnum innan stofnunar x. Þau geta vel átt heima með annarri upplýsingasöfnun um skólastarf, t.d. matsferill, lesferill o.fl. sem stofnun x á að annast. Vert er að hafa í huga að það sem gæti farið aflaga í skólastarfi er mjög fjölbreytt, allt frá því að þörfum ákveðins einstaklings er ekki sinnt sem skyldi og upp í að það skóli teljist ekki veita nægilega góða menntun, almennt eða á afmörkuðum sviðum. Ytra mati er einkum ætlað að greina það síðarnefnda, þ.e. það sem tengist námi og kennslu (menntunarhlutverk skólans) og veita upplýsingar sem eru leiðbeinandi fyrir starfsfólk skólans um úrbætur. Þetta er nefnt umbótamiðuð nálgun að mati sem hefur sýnt sig vera vænlegra til árangur heldur en mat sem t.d. byggir eingöngu á tölum og vísar fyrst og fremst til útkomu. Umbótamiðuð nálgun á ytra mati kallar á faglega, góða innsýn í skólastarf og þarf að vera sinnt af fagfólki á sviði náms og kennslu auk þess sem það gefur góða yfirsýn yfir 3 veikleika og styrkleika skóla og skólakerfisins sem heild. Nálægð og samstarf við aðra starfsemi x mun því styrka hvorutveggja, vinnu við matið sjálft og ráðgjöf um skólaþróun. Það sama á við um framkvæmd alþjóðlegra kannana. Stofnun x er ekki rekstraraðili skólanna og mun starfa sem bakhjarl sveitarfélaga og er því ekki í þannig tengslum

við skólana að hún geti ekki annast framkvæmd ytra mats og upplýsingasöfnun vegna alþjóðlegra greininga.

Nær öllum þáttum mats og eftirlits er samkvæmt þessum drögum komið fyrir í ráðuneytinu (eða annarri stofnum) sem kallar á umfangsmikla eftirlits og greiningardeild innan ráðuneytisins. Það er ekki góð nýting á faglegum mannauði. Þetta gæti leitt til þess að eftirlit myndi um of byggja á söfnun tölulegra upplýsinga fremur en faglegri innsýn, sem er ekki vænleg leið til að auka gæði menntakerfisins þó tölulegar upplýsingar séu mikilvægar. Upplýsingasöfnun og yfirsýn yfir stöðu skólastarfs getur vel farið fram innan stofnunar x þótt viðbrögð við því sem misferst komi frá ráðuneytinu. Til þess þarf að móta skýra verkferla um viðbrögð. Benda má t.d. á að Landlæknisembættið hefur mjög ákveðið eftirlitshlutverk en beitir sér einnig fyrir fjölmörgum faglegum umbótaverkefnum á sviði lýðheilsu. Það gefur stofnunni meiri vikt og virkt umboð.”

Gunnhildur Harðardóttir, sérfræðingur í ytra mati.

Svanhildur María Ólafsdóttir, sérfræðingur í ytra mati